

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.5.2023
Tilvísun: 20230501678

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (skipulag o.fl.) – þskj. 1523, 975. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Meðal annars er með frumvarpinu lagt til að með nýrri 18. gr. a laga nr. 41/2003, um vaktstöð siglinga, verði Vegagerðinni heimilt til að leggja stjórnvaldssektir á brot gegn tilteknum ákvæðum laganna og reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Um innheimtu slíkra stjórnvaldssekta segir í 4. gr. frumvarps þessa:

„Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Ákvörðun um stjórnvaldssekt er aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar. Stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð, að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.“

Ríkisskattstjóri bendir á að nokkuð óvanalegt sé að fjallað sé um kostnað við „álagningu“ í innheimtuákvæðum. Innheimtumaður innheimtir vissulega almennt ýmsan kostnað vegna aðfararaðgerða sem myndu falla undir innheimtuverkefni og kemur sá kostnaður þá til frádráttar greiddri fjárhæð sem að öðru leyti rennur í ríkissjóð. Ekki er auðvelt að sjá svo gjörla hvernig háttu skyldi fyrirhugaðri framkvæmd að því er varðar álagningarkostnað, eða þau rök sem standi henni til grundvallar. Ríkisskattstjóri telur því ákjósanlegt að heldur yrði hér horft til hefðbundinna sjónarmiða og vísað til innheimtukostnaðar einvörðungu.

Með vísan til ákvæða um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta í nýrri 18. gr. a þá vekur ríkisskattstjóri jafnframt athygli á því að almennt bera sektir ekki vexti, en heimild til þessa er þó til staðar þar sem lög nr. 150/2019, um innheimtu skatta og gjalda, gilda um sektarinnheimtu. Sé vilji til að innheimta dráttarvexti af þessum stjórnsýslusektum þá er allt að einu vert að skýra nánar viðmið vaxtanna.

Með hliðsjón af framangreindu telur ríkisskattstjóri að betur færi á því að umrædd ákvæði hljóði svo:

„Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 6. Gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

Ákvörðun um stjórnvaldssekt er aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar. Stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð, að frádregnum kostnaði við innheimtu.“

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson